

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Klausturhóla, Rimahverfi.*
Í deiliskipulaginu sem nær til 185 ha svæðis er gert ráð fyrir 104 frístundalóðum og hafa þegar verið reist hús á 60 lóðum. Nýtingarhlutfall á lóðum er 0,03 en frístundahúsin mega þó ekki vera stærri en 600 m². Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, hámarksstærð aukahúsa er 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2016.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundalóða í landi Kerhrauns, lóðir 6 og 39.*
Í breytingunni felst að afmörkun milli lóða nr. 6 og 39 í landi Kerhrauns breytist á þann hátt að norðvesturendi markanna færist 5 m í norðaustur og suðausturendi markanna færist að sama skapi 5 m í suðvestur. Stærðir lóðanna breytast lítillega.
Samþykkt í sveitarstjórn 23. september 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. mars 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2016